

321. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, miðvikudaginn 10. desember 2025, kl. 17:00.

Mætt: Ingvi Þór Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Hlynur Þór Valsson, fulltrúi Suðurnesjabæjar og Hólmgrímur Rósenberg, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri (fundarritari), J. Trausti Jónsson, Sonja Hrund Steinarsdóttir og Eydís Martinsdóttir. Eva Lind Matthíasdóttir, fulltrúi Grindavíkur boðaði forföll. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir störf HES
2. Framlenging á starfsleyfum
3. Starfsleyfi og skráningar
4. Boðaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits
5. Málefni S-Iceland ehf., Suðurnesjabæ
6. Málefni Premium of Iceland, Brekkustíg, Reykjanesbæ
7. Starfsmannamál
8. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Yfirlit yfir störf HES

Starfsmenn fóru yfir helstu verkefni sem hafa verið á döfinni frá síðasta fundi heilbrigðisnefndar.

Fjallað var sérstaklega um eftirtaldar stjórnvaldsákvarðanir:

- Nefndin staðfestir ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins um að stöðva starfsemi Sjávarsetursins (Sjávarsetrið ehf.) í Suðurnesjabæ vegna brota á reglugerð nr. 103/2010 og ógn við öryggi matvæla, dagana 9.-16. október sl.
- Nefndin staðfestir ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins um að stöðva starfsemi Brælubakarísins ehf., Hafnargötu 8 í Vogum vegna brota á reglugerð nr. 103/2010 og ógn við öryggi matvæla, dagana 24.-25. nóvember sl.

2. Framlenging starfsleyfa

Fyrir liggur að lögbundinn málsmeðferðartími starfsleyfa á mengunarvarna- og hollustuháttasviði er að lágmarki 8 vikur og oft mun lengri þegar um ræðir umfangsmeiri og flóknari starfsemi. Berist umsóknir þegar skammur tími er eftir af gildistíma þegar gildandi starfsleyfis getur heilbrigðisnefnd framlengt gildistíma leyfisins um allt að ár meðan unnið er að gerð nýs starfsleyfis, enda liggi fyrir fullnægjandi umsókn um endurnýjun starfsleyfis. Heilbrigðisnefnd hefur ákveðið að framlengja eftirtalin leyfi meðan unnið er að gerð nýrra starfsleyfa:

- EBK ehf., kt. 460406-0210, Fálkavellir 8, 235 Keflavíkurflugvelli til reksturs olíubirgðastöðvar á Pétursvöllum 6, 262 Reykjanesbæ og eldneytisáfyllingu á flugvélar, útg. 13. janúar 2014 með gildistíma til 13. janúar 2026.
- Síld og Fiskur ehf., kt. 590298-2399, Minni Vatnsleysu, 191 Vogum til að reka svínaeldi, útg. 8. desember 2023 með gildistíma til 8. desember 2025.

Nefndin brýnir fyrir starfsleyfishöfum að leggja tímanlega fram vandaðar umsóknir um endurnýjun starfsleyfa.

3. Starfsleyfi og skráningar

Í samræmi við bókun nefndarinnar undir 4. tl. á 320. fundi er nú í fyrsta sinn lögð var fram fundargerð afgreiðslufundar embættisins (sjá viðhengi). Nefndin staðfestir fundargerðina.

4. Boðaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits.

Fyrir liggur að veigamiklar breytingar hafa orðið á áformum þeim sem Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Atvinnuvegaráðherra kynntu þann 2. september sl. Felast breytingarnar í því að Atvinnuvegaráðherra tilkynnti þann 17. nóvember sl. að hann hyggðist fara þá leið að sameina Matvælastofnun, Fiskistofu, Verðlagsstofu skiptaverðs og matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Sveitarfélaga. Frumvarp að lagabreytingum sem boðað var í nóvember sl. liggur enn ekki fyrir. Áform ríkisstjórnarinnar virðast því bæði hafa tafist og tekið veigamiklum breytingum, sem eru þó ekki til þess fallnar að koma til móts við þá afstöðu sem nefndin bókaði undir 3. dagskrárlið á 320. fundi.

5. Málefni S-Iceland ehf., Suðurnesjabæ

Nefndin samþykkir að beita S-Iceland ehf., kt.660271-0159 dagssektum fyrir að hunsa fyrirmæli embættisins um að hreinsa úrgang af athafnasvæði fyrirtækisins að Skálareykjum í Suðurnesjabæ. Dagssektir verða lagðar á frá 15. janúar 2026 og munu nema 50.000 krónum á dag. Nefndin felur embættinu að vinna áfram að þessu máli.

6. Málefni Premium of Iceland, Brekkustíg, Reykjanesbæ

Umsókn Premium of Iceland, kt. 691220-2060 um skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 til að reka fiskvinnslu að Brekkustíg 22-24 í Reykjanesbæ er hafnað, þar sem starfsemin uppfyllir ekki skipulagsskilmála skv. umsögn skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar. Nefndin felur embættinu að vinna áfram að þessu máli.

7. Starfsmannamál

Starfsmenn að frátöldum framkvæmdastjóra viku af fundi undir þessum dagskrárlið.

8. Önnur mál

Ekkert var rætt undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 18:10.

Afgreiðslufundur HES nr. 1

Haldinn 10. desember 2025

Mætt: Ásmundur E. Þorkelsson, J. Trausti Jónsson, Sonja Hrund Steinarsdóttir og Eydís Martinsdóttir.

1. **Reykjanesbær, kt. 470794-2169, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ til að reka íþróttavelli að Afreksbraut 10.** Lögð fram umsókn Reykjanesbæjar, dags. 17.9.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir knattspyrnuvelli og tengda aðstöðu. Fasteignanúmer F2318265. Endurnýjun á starfsleyfi. Eftirlitsskýrsla dags. 18.9.2025. Auglýst á hes.is: 18.9.2025
2. **Bjartavík ehf., kt. 490223-1690, Flugvallarbraut 700, 262 Reykjanesbæ til að reka samkomuhús (Andrews).** Lögð fram umsókn Bjartavík ehf., dags. 8.10.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir samkomuhús. Fasteignanúmer F2309370. Nýr rekstraraðili. Eftirlitsskýrsla dags. 16.10.2025. Auglýst á hes.is: 8.10.2025.
3. **Reykjanesbær, kt. 470794-2169, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ til að reka leikskóla (Leikskólinn Völlur).** Lögð fram umsókn Reykjanesbæjar, dags. 27.8.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir leikskóla. Fasteignanúmer F2310619. Nýr rekstraraðili. Eftirlitsskýrsla dags. 05.11.2025.
4. **Reykjanesbær, kt. 470794-2169, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ til að reka leikskóla (Leikskólinn Drekaðalur).** Lögð fram umsókn Reykjanesbæjar, dags. 7.10.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir leikskóla. Fasteignanúmer F2519555. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 11.11.2025. Auglýst á hes.is: 10.7.2025.
5. **Birta Líf Lowe, kt. 020894-2379, Grænásbraut 605, 262 Reykjanesbæ til að reka dagvistun 6-10 barna í heimahúsi.** Lögð fram umsókn Birtu Líf Lowe, dags. 22.9.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dagvistun 6-10 barna í heimahúsi. Fasteignanúmer F2502663. Ný starfsemi (var með 5 börn áður). Eftirlitsskýrsla dags. 12.11.2025.

6. **Oleksandra Korchevska, kt. 140788-4659, Hafnargötu 21, 230 Reykjanesbæ til að reka húðflúrstofu.** Lögð fram umsókn Oleksandra Korchevska, dags. 10.11.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir húðflúrstofu. Fasteignanúmer F2087994. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 12.11.2025. Auglýst á hes.is: 10.11.2025.
7. **Petra Ruth Rúnarsdóttir, kt. 090793-2339, Við Hafnargötu 10, 190 Vogum til að reka fargufu.** Lögð fram umsókn Petru Ruthar Rúnarsdóttur, dags. 14.10.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fargufu. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 24.11.2025. Auglýst á hes.is: 14.10.2025.
8. **Hrafnista Reykjanesbæ-Nesvellir, kt. 630114-1950, Njarðarvöllum 2, 260 Reykjanesbæ til að reka hjúkrunarheimili með fullbúnu eldhúsi.** Lögð fram umsókn Hrafnistu, dags. 14.10.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hjúkrunarheimili. Breyting á starfsleyfi vegna nýrrar viðbyggingar. Eftirlitsskýrsla dags. 11.11.2025. Auglýst á hes.is:
9. **Keflavíkurflugvöllur - matvöruverlsun með óvarin matvæli og veitingasölu - Starfsleyfi**
Lögð fram umsókn SSP Iceland ehf. kt. 651122-0310 dags. 15.09.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun í komusal Keflavíkurflugvallar. Fasteignanúmer: 2215884. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 11.11.2025.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.
10. **Keflavíkurflugvöllur - matsölustaður - Starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Mækæ ehf. kt. 640818-0340 dags. 28.09.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun á 2. hæð í norðurbyggingu Keflavíkurflugvallar. Fasteignanúmer: 2215884. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 31.10.2025.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.
11. **Keflavíkurflugvöllur - matsölustaður - Starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Mækæ ehf. kt. 640818-0340 dags. 28.09.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun á 1. hæð í norðurbyggingu Keflavíkurflugvallar. Fasteignanúmer: 2215884. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 31.10.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

12. Keflavíkurflugvöllur - Mathöll - Starfsleyfi

Lögð fram umsókn SSP Iceland ehf. kt. 651122-0310 dags. 19.09.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir mathöll á 2. hæð í norðurbyggingu Keflavíkurflugvallar.

Fasteignanúmer: 2215884. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.10.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

13. Keflavíkurflugvöllur - Bar – Starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hjá Höllu ehf. kt. 480119-1690 dags. 24.09.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bar á 2. hæð í suðurbyggingu Keflavíkurflugvallar.

Fasteignanúmer: 2215884. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 30.10.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

14. Háaleitishlað 7A, 235 Reykjanesbæ - Vöruhús og dreifing matvæla – Starfsleyfi

Lögð fram umsókn Frívöruverslun Saxa ehf. kt. 670874-0529 dags. 20.10.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir vöruhúsi og dreifingu matvæla.

Fasteignanúmer: 2317781. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

15. Hafnargata 7B, 240 Grindavík - konfektgerð – Starfsleyfi

Lögð fram umsókn Neskja ehf. kt. 710125-0310 dags. 02.07.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir konfektgerð.

Eftirlitsskýrsla dags. 17.10.2025.

Fasteignanúmer: 8642069. Ný starfsemi. Jákvætt svar byggingafulltrúa.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

16. Hafnargata 23, 230 Reykjanesbæ - skyndibitastaður

Lögð fram umsókn Lava Sweets ehf. kt. 430724-0290 dags. 03.10.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir skyndibitastað.

Eftirlitsskýrsla dags. 05.12.2025.

Fasteignanúmer: F2534176. Ný starfsemi. Jákvætt svar byggingafulltrúa.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

17. **Björgunarsveitin Sigurvon**, kt. 521078-0309 til að halda flugeldasýningu á gamlárskvöld 31. desember n.k. frá kl. 19:00-21:30 á Suðurgarði Sandgerðishafnar, 245 Sandgerði.
Umsókn um skráningu móttækin: 24.11.2025.
Staða: Samþykkt 25.11.2025.
18. **Grindavíkurbær**., kt. 580169-1559, Víkurbraut 62, 240 Grindavík fyrir jarðborun í landi Grindavíkur, smkv. hnitaskrá(HR-01).
Umsókn um starfsleyfi móttækin 12.11.2025.
Staða: Auglýst 20.11.2025
19. **Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.**, kt. 410693-2169, 800 Selfossi, til jarðborunar við Reykjanesvirkjun, Eldisgarði fyrir Samherja, 22 holur smkv. hnitaskrá.
Umsókn um starfsleyfi móttækin 25.11.2025
Staða: Auglýst 02.12.2025
20. **Landsnet hf.** kt. 580804-2410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík til reksturs spennistöðvar á Njarðvíkurheiði, smkv. lóðarblaði, 261 Reykjanesbæ.
Umsókn um starfsleyfi móttækin 26.11.2025.
Staða: í vinnslu.
21. **Síld og Fiskur ehf.**, kt. 590298-2399, Minni Vatnsleysa, 191 Vogar til að reka svínaeldi.
Umsókn um starfsleyfi (endurnýjun) móttækin 27.11.2025.
Staða: Framlengt til 08.03.2026
22. **HS Orka hf.**, kt. 680475-0169, Orkubraut 3, 241 Grindavík til reksturs jarðvarmavirkjun í Svartsengi, endurskoðun vegna aukningar á framleiðslu.
Umsókn um endurskoðun starfsleyfis móttækin 27.11.25.
Staða: Í vinnslu
23. **Ganti seafood ehf.**, kt. 600825-0380, Hafnagata 20 ,240 Grindavík, Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða, önnur en í viðauka I.
Umsókn um skráningu móttækin: 03.12.2025.
Staða: Í vinnslu

24. **EBK ehf.**, kt. 460406-0210, Fálkavellir 8, 235 Keflavíkurflugvelli til reksturs olíubirgðastöðvar á Pétursvöllum 6, 262 Reykjanesbæ og eldneytisáfyllingu á flugvélar.

Umókn um starfsleyfi (endurnýjun) móttækin 05.12.2025.

Staða: Í vinnslu

25. **Olís ehf.**, kt. 500269-3249, Sandgerðishöfn, 245 Sandgerði. Niðurrif mannvirkja, niðurrgrafinn eldsneytistankur.

Umsókn um skráningu móttækin: 05.12.2025.

Staða: Í vinnslu

26. **Guðlaugsson ehf.**, kt. 580520-1970, Vesturbraut 3, 240 Grindavík. Niðurrif mannvirkja, bílskúr.

Umsókn um skráningu móttækin: 05.12.2025.

Staða: Í vinnslu

Fleira var ekki gert og fundi slitið.